

**Nd.**

**58. Nefndarálit**

**[16. mál]**

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar er efnislega samþykkur frumvarpinu og mælir með samþykkt þess. Hins vegar leggur minni hlutinn áherslu á að hluti af tekjum af verðjöfnunargjaldinu verði notaður til að ná fram verðjöfnun frá því sem nú er á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þeim aðilum, er gjaldsins njóta, og telur eðlilegt markmið, að þessir taxtar verði í mesta lagi 20% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur síðari helming ársins 1980.

Þá vill minni hlutinn itreka það sjónarmið, sem samstaða varð um í fyrrverandi ríkisstjórn við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1980, að frá og með því ári beri ríkissjóður allan kostnað af félagslegum framkvæmdum, sem Rafmagnsveitum ríkisins er falið að ráðast í og standa fyrir. Slík stefnubreyting í reynd varðandi fjármál Rafmagnsveitnanna ætti að auðvelda að ná fram eðlilegri verðjöfnun á raforku í landinu og gera kleift að endurskoða þau ákvæði um verðjöfnunargjald, sem gilt hafa frá árinu 1974 og enn er þörf fyrir.

Alþingi, 20. des. 1979.

Hjörleifur Guttormsson,  
form., frsm.

Páll Pétursson.

Karvel Pálmason.